

STJÓRNARTÍÐINDI B 12 — 1974

Nr. 75.

130

22. apríl 1974.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 245 31. desember 1963,
um tekjuskatt og eignarskatt.

1. gr.

8. mgr. B-liðar 34. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

„Hver einstakur lífeyrissjóður skal árlega endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda. Skal hinn löggilti endurskoðandi árita reikningsskilin og felist í árituninni, að reikningsskilin og bókhaldið, sem þau eru byggð á, séu færð eftir viðurkenndum bókhaldsreglum, svo og að öll ráðstöfun á fé sjóðsins sé í samræmi við ákvæði reglugerðar sjóðsins. Enn fremur, að í áritun hans felist staðfesting á því, að allar þóknanir og launagreiðslur, svo og bótagreiðslur, greiddar af hlutaðeigandi lífeyrissjóði, hafi verið réttilega uppgefnar til skattyfirvalda. Skulu reikningar sjóðsins þannig áritaðir sendir fjármálaráðuneytinu til athugunar“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi, og kemur til framkvæmda að því er varðar reikninga lífeyrissjóðanna fyrir árið 1974.

Fjármálaráðuneytið, 22. apríl 1974.

Halldór E. Sigurðsson.

Höskuldur Jónsson.